

# Lögmannablaðið



9. árgangur  
Október  
3/2003

- Skipan hæstaréttardómara
- Vorþing á Þingvöllum – Stjórnarskrá og Evrópusamvinna
- Hdl-útskrift
- Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna
- Golfmót sumarsins – úrslit
- Námskeið á haustönn





# SPARAÐU TÍMA

MEÐ AÐGANGI AÐ HÆSTARÉTTARDÓMUM OG LAGASAFNI

## HÆSTARÉTTARDÓMAR

Lánstraust hf. hefur skráð á tölvutækt form alla hæstaréttardóma frá 1958 og eru þeir aðgengilegir á [www.lt.is](http://www.lt.is).

Hæstaréttardómunum fylgja einnig þeir héraðsdómar sem áfrýjað var.

Öflug leitarvél er tengd dómasafninu og er mögulegt er að leita eftir ýmsum leitarskilyrðum í senn.

Einnig er hægt að finna alla dóma sem t.d. varða tiltekna lagagrein eða reglugerð.

## LAGASAFN

Lagasafnið er gefið út á geisladiski tvisvar á ári og er það uppfært í samræmi við breytingar á löggjöf.

Allar nánari upplýsingar, [adgangur@lt.is](mailto:adgangur@lt.is) eða 550-9600.

**L Á N S T R A U S T H F.**

# Lögmannablaðið

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími (tel.): 568-5620  
Bréfsími (fax): 568-70567  
Tölvupóstur: (E-mail):  
lmfi@lmfi.is  
Heimasíða: www.lmfi.is

STJÓRN LMFÍ  
Gunnar Jónsson hrl.,  
formaður  
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.,  
varaformaður  
Ólafur Rafnsson hdl.,  
gjaldkeri  
Aðalsteinn E. Jónasson hrl.,  
ritari  
Ragnheiður Bragadóttir hdl.,  
meðstjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:  
Ingimar Ingason  
framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir  
félagsdeild  
Guðný Gísladóttir  
ritari

Blaðið er sent öllum  
félagsmönnum.  
Ársáskrift  
fyrir utanfélagsmenn  
kr. 1.500 + vsk.  
Verð pr. tölublað  
kr. 300 + vsk.  
ISSN 1670-2689

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:  
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Óflun ehf.,  
sími 533 4440

- 4** ÞÓRÐUR BOGASON:  
Frá ritstjórn
- 6** Vorþing á Þingvöllum: „Stjórnarskrá Íslands og Evrópusam-  
vinnan – samvinna íslenskra dómstóla og EFTA dómstólsins“
- 10** JÓHANNES KARL SVEINSSON:  
Lögmenn og dómaraembættin
- 12** SIF KONRÁÐSDÓTTIR:  
Braut dómsmálaráðherra sett lög með skipun í embætti  
hæstaréttardómara?
- 14** GUNNAR JÓNSSON:  
Pistill formanns
- 16** Golfmót lögmanna sumarið 2003
- 19** EYRÚN INGADÓTTIR:  
Fréttir frá félagsdeild
- 20** Metaðsókn að hdl-námskeiði
- 23** Af Merði lögmanni.
- 24** Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna
- 26** Námskeið á haustönn
- 28** Tilkynning frá dómstólaráði
- 29** RÓBERT SPANÓ:  
Ráðstefna NAF
- 31** Nýjar bækur

Forsíðumynd: SIGRÚN V. MAGNÚSDÓTTIR

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Þórður Bogason hdl.

Ritnefnd: Berglind Svavarsdóttir hdl.,  
Bjarki H. Diego hrl.,  
Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.



## FRÁ RITSTJÓRN

Með haustskipunum kemur 3. tölublað Lögmannablaðsins að vanda. Í sama tölublaði fyrir ári var stutt kynning á lagánámi á Íslandi. Átti sú kynning að vera upphafsstefið að frekari umfjöllun um laganám á Íslandi og þróun þess. Lögmannablaðið er góður vettvangur skoðanaskipta um þetta mál sem varðar ekki síst lögmannastéttina miklu. Nú er lögfræði kennd í fjórum skólum á háskólastigi. Ljóst er að þeir háskólar sem telja að sínir nemendur muni hljóta sambærilega menntun á við kandiðata frá lagadeild H.Í. gera kröfur um að lögfræðingar sem þeir útskrifa geti þreytt prófraun til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda. Þetta sást af fjölmiðlaumfjöllun í vor þegar Alþingi frestaði lögtöku frumvarps til breytinga á lögmannalögunum. Hefur verið boðað að nýtt frumvarp til breytinga á lögmannalögum verði lagt fyrir Alþingi í haust. Í blaðinu er tekið viðtal við tvo lögfræðinga sem sátu námskeið til öflunar lögmannsréttinda sl. vor. Ekki er það nein tæmandi úttekt á kostum eða göllum námskeiðsins. En í ljósi þess að innan fárra ára kunna lögfræðingar með ólíkan bakgrunn og mismunandi áherslur í námi að sitja námskeiðið hlýtur mikilvægi þess að vaxa samhliða þeim kröfum sem gerðar verða til námsefnis og skipulags kennslunnar. Til frekari uppbyggingar er mikilvægt að fá álit þeirra sem setið hafa námskeiðið. Viðtal líkt og það sem birtist í þessu tölublaði er nýmæli hjá Lögmannablaðinu.

Í þessu tölublaði er tvær greinar sem varða skipan dómara í Hæstarétt Íslands. Nýleg

skipan í embætti hæstaréttardómara vakti athygli og opinbera umræðu. Dómsmálaráðherra er í miðju þeirrar umræðu sem handhafi skipunarvaldsins. Hæstiréttur er ein þriggja stoða ríkisvaldsins sem stjórnskipunin hvílir á. Þegar rætt er um réttaröryggi má benda á að fátt er mikilvægara en að festa og traust einkenni störf og starfshætti Hæstaréttar. Ábyrgð þess sem skipar dómara er út frá þessum stjórnskipunarréttarlegu sjónarmiðum mikil. Hér er ekki um venjulegt embætti að ræða þar sem Hæstiréttur er einn af hornsteinum lýðræðisins. Því er nauðsynlegt að lög og hefðir tryggi að um skipan hæstaréttardómara ríki eins mikil sátt og unnt er í lýðræðisríki. Í umræðunni hafa komið fram sjónarmið um að fleiri en dómsmálaráðherra komi að skipun hæstaréttardómara og eins hefur verið rætt um hlutverk réttarins sjálfs í því sambandi. Er mikilvægt að lögfræðingar taki þátt í þeirri umræðu. Einnig er mikilvægt að allir þeir sem hafa víðtækan lögfræðilegan bakgrunn getið talist koma til álita sem hæstaréttardómarar, jafnvel þótt þeir hafi ekki gengt störfum héraðsdómara. Á þetta hefur Lögmannafélagið minnt. Að lokum má velta því upp hvort nægilega vel sé búið að Hæstarétti Íslands. Vissulega eru húsakynni réttarins glæsileg en þótt dómaraar við Hæstarétt séu níu eru aðstoðarmenn þeirra einungis þrír. Væri það nokkur ofraun þótt hver og einn hæstaréttardómari hefði sinn löglærða aðstoðarmann?

Þórður Bogason ritstjóri.



## Ljósritunarvél ?

DIALTA ljósritunarvélar  
gefa orðinu nýja merkingu.  
Auk þess að ljósrita,  
hefta og gata,  
geta þær skannað,  
vistað skjöl á netþjónum,  
sent fax og tölvupóst  
og prentað frá tölvunni þinni  
í fullum lit.



**TÆKNIÞÚNAÐUR**

KJARAN EHF • SIÐUMÚLI 12 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMAR 510 5520 • 510 5500  
WWW.KJARAN.IS

# VORÞING Á ÞINGVÖLLUM

## Stjórnarskrá Íslands og Evrópusamvinna – samvinna íslenskra dómstóla og EFTA-dómstólsins

**SÚ HEFÐ** hefur skapast að halda vorþing Lögmannafélags Íslands á Þingvöllum ár hvert í samvinnu við Dómarafélag Íslands. Í byrjun júní sl. hlustuðu á annað hundrað lögmannna og lögfræðinga á framsögur ræðumanna sem veltu fyrir sér afsali fullveldisréttar, framtíð EFTA, kostum og göllum EB aðildar og hvort stjórnarskrá Íslands stæðist nána alþjóðlega samvinnu. Einnig voru dómar EFTA dómstólsins kynntir sem og dómstóllinn sjálfur.

Frummælendur fundarins voru þeir Þór Vilhjálmsson, fyrrverandi forseti EFTA dómstólsins, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við HÍ, Krístrún Heimisdóttir, lögfræðingur Samtaka Iðnaðarins og Þorgeir Örlygsson, dómari við EFTA dómstólinn, en sérstakur gestur fundarins var Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins, sem kynnti dómstólinn og ræddi um samvinnu hans við dómstóla aðildarríkjanna.

Framsaga Þórs Vilhjálmssonar nefndist; Athugasemdir við EES samninginn. Hann ræddi um þá gagnrýni sem fram hefði komið um að það væri ekki í samræmi við íslenska stjórnarskrá að reglur, sem stjórnvöld hefðu takmarkaða getu til að hafa áhrif á, kæmu erlendis frá og hvernig best væri að bregðast við þeirri gagnrýni. Hann sagði m.a. að þetta nýja kerfi væri framandlegt en ekki ólöglegt og erfiðleikar íslenskra stjórnvalda hefðu fyrst og fremst falist í því að sveigja Ísland að nýjum viðhorfum.

Davíð Þór Björgvinsson ræddi ákvæði stjórnarskrár um framsal ríkisvalds og bar saman við ákvæði í stjórnarskrám annarra Evrópuríkja. Hann fór yfir réttarstöðuna á Íslandi og rakti rök fyrir því að setja ákvæði um framsal ríkisvalds í stjórnarskrána.

Í framsögu sinni lýsti hann því sem hann taldi vera réttarstöðuna á Íslandi. Samkvæmt því er framsal valdheimilda íslenska ríkisins til alþjóðastofnana heimilt að vissu marki að uppfylltum þeim skilyrðum að framsalið sé byggt á lögum,

Fundarstjóri var Lára V. Júlíusdóttir hrl. sem jafnframt stýrði umræðum. Með henni á myndinni eru Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins sem var sérstakur gestur fundarins og Þorgeir Örlygsson dómari við EFTA-dómstólinn.



S P R O N



P L A T I N U M



## Fyrsta alþjóðlega Platinum debetkortið í heiminum

### Mikilvægir viðskiptavinir

SPRON PLATINUM þjónustan er ætluð traustum einstaklingum sem eiga að jafnaði 750.000 króna inneign hjá SPRON. Í SPRON PLATINUM færð þú betri ávöxtun á debetkortareikningi og getur nýtt þér fjölda þjónustupáttá án kostnaðar. Ávinningurinn er umtalsverður.

- Þinn eigin þjónustufulltrúi
- Vönduð fjármálaráðgjöf
- Frumkvæði í þjónustu
- Hagstæðir lánamöguleikar
- Listviðburðir
- Heimabanki
- Eignastýring á sérkjörum
- Innheimtuþjónusta
- 150 fríar debetkortafærslur
- Sértilboð á líf- og sjúkdómatryggingu
- Ítarleg viðskiptayfirlit
- Hærri vextir á inneign
- Greiðsluþjónusta
- Platinum kreditkort\*

\*háð útlánareglum SPRON

Hringdu í **550 1400** eða komdu í næsta útibú SPRON og upplifðu nýja hugsun í bankaþjónustu.

 **spron**  
SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS



Ræðumenn að svara fyrirspurnum fundargesta. F.v. Krístrún Heimisdóttir, Þór Vilhjálmsson og Davíð Þór Björgvinsson



afmarkað og vel skilgreint og ekki verulega íþynjandi fyrir ríki eða þegna. Ennfremur að framsalið verði að vera byggt á samningi sem kveði á um gagnkvæm réttindi og skyldur og mæli fyrir um samsvarandi framsal ríkisvalds annarra samningsríkja. Hinar alþjóðlegu stofnanir, sem vald er framselt til, verða að byggja á lýðræðislegum grundvelli og viðurkenna almennar meginreglur um réttláta málsmeðferð og stjórnsýslu. Framsalið verður að leiða af þjóðréttarsamningi sem stefnir að lögmætum markmiðum í þágu friðar og menningarlegra, félagslegra eða efnahagslegra framfara. Þannig verður framsalið að vera afturkræft og ekki leiða til lakari réttarstöðu einstaklinga en þeir njóta í stjórnarskrá.

Davíð Þór taldi að treysta mætti fullveldið í sessi með því að setja framsalsheimild í stjórnarskrána. Slík heimild myndi vera yfirlýsing um vilja til að stuðla að friðsamlegum samskiptum ríkja á grundvelli þjóðaréttar og myndi tryggja svigrúm á hverjum tíma til að gæta pólitískra og efnahagslegra hagsmuna ríkisins. Í lokin kom Davíð Þór með tillögu að breytingu á 21. grein stjórnarskrárinnar:

„Heimilt er á grundvelli þjóðréttarsamninga og með lögum að fela alþjóðlegum stofnunum sem Ísland á aðild að, meðferð tiltekinna valdheimilda ríkisins á sviði löggjafar-, framkvæmdar- og dómvalds.

Frumvarp sem mælir fyrir um framsal valdheimilda ríkisins samkvæmt málsgreininni hér á undan telst samþykkt hafi það hlotið a.m.k. 3/5 hluta atkvæða þingmanna. Um framlagningu þess og meðferð að öðru leyti gilda almennar reglur.“

Nokkrar umræður urðu um tillögu Davíðs Þórs sem vakti töluverða athygli.

Krístrún Heimisdóttir fjallaði um þýðingu fullveldis í opnu stjórnarskrárríki og stöðu Íslands. Hún fjallaði einnig um óljósa stöðu EES réttar sem réttarheimildar, um áhrif þessarar óljósu stöðu á íslenskt réttarkerfi og kvaðst vilja gera tilraun til að greina hvert eðli, umfang og afleiðingar framsals ríkisvalds vegna EES væri. Hún taldi íslensk stjórnvöld glíma við stjórnlagavanda þar sem einstaklingar og fyrirtæki gyldu fyrir réttaróvissu. Krístrún fjallaði um fullveldi Íslands í sögulegu samhengi og einkennum ríkisvaldsins samkvæmt stjórnarskránni. Sjálfðæmi ríkis væri ekki lengur gefið þar sem lagasetningarvald yfirþjóðlegu stofnana og stjórnarskrárskorður ríkisins veguðust á. Krístrún taldi að svokallaður lýðræðishalli væri tvöfaldur þar sem Ísland væri ekki aðili að ESB, sem væri stofnunin með löggjafarvaldið, og ekki væri sjálfðæmi til löggjafar og stefnumótunar á EES sviði. Þessi staða, sem Ísland væri í gagnvart ESB, gæti valdið skaðlegri réttaróvissu fyrir þegnana.

Krístrún sagði að stjórnarskrá Íslands gerði alls ekki ráð fyrir framsali ríkisvalds heldur mælti fyrir um sjálfðæmi, einingu ríkisvalds og tilteknar valdheimildir. Skilyrði um verðleika laga byggðum á EES gerðum væri því í raun ekki uppfyllt og réttaróvissa kerfislæg. Æskilegt væri því að gerð yrði stjórnlagabreyting þar sem opunarákvæði væri að evrópski fyrirmynd með lýðræðisskilyrðum og afmörkun framsals. Þá þyrfti og að huga að ákvæði um tengsl landsréttar og þjóðaréttar,





Fundargestir á málþingi LMFÍ og DÍ á Þingvöllum.

sem tæki mið af rauntengslum við EES rétt og Mannréttindasáttmála Evrópu, sem þyrfti að vera til að styrkja almenna lögmætisreglu og skýra réttshæð réttarheimilda. Krístrún ræddi um nauðsyn þess að styrkja stjórnarskrána og endurskoða gróin hugtök þar sem Evrópuréttur væri aðferðafræðileg bylting.

Þorgeir Örlygsson ræddi um aðild einstaklinga og lögaðila í atvinnurekstri að málum fyrir EFTA dómstólnum. Hann fór yfir lögsögu EFTA dómstólsins og þau ógildingarmál sem höfðu hafa verið fyrir dómnum. Samkvæmt dómstólssamningnum getur einstaklingur eða lögpersóna höfðað mál fyrir EFTA dómstólnum, vegna ákvörðunar

eftirlitsstofnunar EFTA, er beinist að honum eða vegna ákvörðunar er beinist að öðrum einstaklingi eða lögpersónu ef málið varðar fyrrnefndan aðila beint og persónulega.

Í lok þingsins tók Helgi I. Jónsson saman helstu niðurstöður. Málþingið þótti heppnast mjög vel og við hæfi að ræða um áhrif Evrópuréttar á fullveldisrétt Íslands á Þingvöllum, þar sem stjórnarskráin var sett.

Stund milli stríða.  
Fundargestir að viðra sig í hádegishléi í blíðskaparveðri.



# Lögmenn og dómaraembættin

## I.

Í lögum um dómstóla nr. 15/1998 er að finna þær kröfur sem löggjafinn hefur ákveðið að gera til þeirra sem fara með dómsvaldið í landinu, héraðsdómara og hæstaréttardómara. Að því er varðar nauðsynlega starfsreynslu gilda mismunandi reglur eftir því hvort um er að ræða umsækjendur í stöðu hæstaréttardómara eða héraðsdómara.

Um hæstaréttardómarana gildir sú regla að þeir þurfa að hafa:

„...starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkis-saksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu eða umboðsmaður Alþingis ...”

Til þess að skipa megi mann sem héraðsdómara þarf jafnframt tiltekin starfsreynsla að vera til staðar

„...minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi...”

Ekki er annað að sjá af lagatextanum en að hin tilgreindu störf og reynsla af því að inna þau af hendi séu lögð að jöfnu að því er varðar hæfi til dómaraembætta. Reynsla af lögmansstörfum er metin jafngild og önnur þau lögfræðistörf sem lagaákvæðin tilgreina.

## II.

Veiting dómaraembætta er ekki auðvelt verkefni, sérstaklega ef völ er á mörgum hæfum umsækjendum. Jafnvel hlutlægir þættir eins og starfsreynsla, prófeinkunnir framhaldsmenntun, fræðistörf o.þ.h. eru vandasamir í samanburði. Til dæmis þarf löng starfsreynsla ekki endilega að þýða að viðkomandi hafi verið farsæll í starfi, ekki



**Jóhannes Karl Sveinsson,**

hrl., varaformaður LMFÍ

fara alltaf saman magn og gæði í fræðistörfum o.s.frv.

Stjórn LMFÍ hefur nokkrum sinnum séð ástæðu til að lýsa viðhorfi sínu til veitingar dómaraembætta og undirbúnings slíkra veitinga. Árið 1996 var héraðsdómaraembætti auglýst laust til umsóknar. Sóttu þá 17 lögfræðingar um embættið. Einn umsækjenda hafði ekki reynslu af dómstörfum en alllangan og farsælan starfsferil sem málflytjandi. Sérstök lögskipuð dómnefnd sem fjallaði um hæfni umsækjendanna sagði í umsögn sinni til dómsmálaráðherra um

þennan umsækjanda:

„Þegar litið er til góðrar frammistöðu ... sem málflytjandi ...er ekki ástæða til að draga í efa, að ... geti orðið vel hæfur héraðsdómari. Þó má telja víst, að hún ætti á brattann að sækja í því starfi fyrstu árin”.

Í bréfi til dómsmálaráðherra mótmælti stjórn LMFÍ þessari athugasemd í dómnefndarálitinu þar sem ekki væri annað séð en að dómnefndin legði ekki málflutningsstörf að jöfnu við önnur þau störf sem áskilin voru í lögum. Í svarbréfi dómsmálaráðherra til LMFÍ kom fram að hann væri ekki sammála þessum hluta af álitinu nefndarinnar.

Þegar Hjörtur Torfason lét af starfi hæstaréttardómara árið 2001 sendi stjórn LMFÍ bréf til dómsmálaráðherra þar sem vakin var athygli á því að

aðeins einn skipaðra dómara réttarins hefði reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Var þeirri skoðun lýst að mikilvægt væri að í Hæstarétti væru dómara sem byggju yfir víðtækri og fjölbreyttri reynslu sem m.a. væri aflað með því að starfa sem lögmenn. Í það sinn var héraðsdómari skipaður dómari við réttinn og í framhaldinu lýsti stjórn LMFÍ yfir trausti á hinn nýja dómara en ítrekaði jafnframt fyrri sjónarmið.

Hins vegar hlýtur það að vera krafa lögmanna sem stéttar að starf þeirra sé metið að verðleikum og jafnræðis gætt þegar kemur að því að veita dómaraembætti.

### III.

Staða hæstaréttardómara var auglýst laus til umsóknar hinn 30. júní sl. Sóttu þá sem kunnugt er um fjórir héraðsdómarar, þrír hæstaréttarlögmenn og einn prófessor í lögfræði en hann hafði einnig u.þ.b. fimmtán ára reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Í ítarlegri og vandaðri umsögn Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda er komist að þeirri niðurstöðu að allir umsækjendur séu hæfir til starfans, en með tilliti til núverandi skipunar og starfsemi Hæstaréttar væru tveir umsækjendur heppilegastir vegna þekkingar þeirra og starfsreynslu, en báðir höfðu þeir mikla reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmenn. Er greinilegt að þarna lítur Hæstiréttur fyrst og fremst til þeirrar staðreyndar að nýr dómari myndi líklega í allnokkur ár starfa í þriggja manna deild sem leysir í kærumálum úr réttarfarslegum álitafnum oft á sviði aðfarargerða, nauðungarsölu og skipta.

Í niðurlagi umsagnar Hæstaréttar segir svo:

„Að auki er þess að gæta, að í tvö síðustu skiptin, sem dómaraembætti voru laus í Hæstarétti, voru í þau skipuð annars vegar ráðuneytisstjóri og hins vegar héraðsdómari. Í réttinum situr nú aðeins einn dómari, sem hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður, þótt fleiri hafi málflutningsreynslu. Þykir þetta jafnframt styðja framangreinda niðurstöðu.”

Á þessum vettvangi þarf ekki að orðlengja um að dómsmálaráðherra var ekki sammála þessu mati Hæstaréttar og skipaði mann í embættið sem enga reynslu hafði af störfum sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Hér verða engar brigður bornar á hæfi hans í embættið.

### IV.

Frá árinu 1970 hafa 25 hæstaréttardómarar verið skipaðir í embætti við Hæstarétt Íslands. Af þeim höfðu sex reynslu af störfum sem sjálfstætt starfandi lögmenn eða tæplega fjórðungur. Frá 1. júlí 1991 – við síðustu átta veitingar – hefur enginn valist til starfans sem bjó yfir reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Það væri djarft að túlka þá staðreynd sem stefnubreytingu en þetta er þó nokkuð sláandi. Af 38 starfandi héraðsdómurum hafa tveir, eftir því sem ég kemst næst, reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmenn.

Eftir skipun hæstaréttardómara nú í haust leit-uðu fjölmiðlar o.fl. eftir afstöðu LMFÍ til málsins. Var því þá svarað til að það væru almennt séð vonbrigði, sérstaklega í ljósi umsagnar Hæstaréttar sem áður er minnst á, að í þetta skipti hefði ekki

valist lögfræðingur með reynslu af lögmennstörfum þótt nokkrir góðir kostir hefðu verið í boði. Ástæðan fyrir þessari afstöðu er tvíþætt: Annars vegar að það hljóti að vera kostur að meðal dómara í Hæstarétti sé að finna menn með fjölþætta reynslu og að reynsla af lögmennstörfum feli yfirleitt í sér áunna sérþekkingu á ýmsum sviðum réttarins og atvinnulífsins. Hins vegar hlýtur það að vera krafa lögmanna sem stéttar að starf þeirra sé metið að verðleikum og jafnræðis gætt þegar kemur að því að veita dómaraembætti.

Eins og áður er getið um geta lögmenn ekki sætt sig við sjónarmið á borð við að þeir muni sérstaklega eiga „á brattann að sækja” í störfum sem dómarar. Vart er að finna skyldari störf en þau sem dómarar og lögmenn sinna; unnið er að sömu málaflokkum og vinnustaðurinn oft sá sami. Lögmenn lesa og greina efni dóma nánast daglega í störfum sínum og þekkja þannig aðferðafræði við samningu dóma og úrskurða þótt æfingin skapi meistaran eins og í öðru. Hér verður því ekki haldið fram að einhvers konar lögmanna, „kvóti” eigi að vera við lýði í Hæstarétti eða við héraðsdómstólana, en hins vegar myndi það ekki skaða að ríkari hefð skapaðist hér fyrir því að lögmenn yrðu dómarar – og öfugt.

## Félagsdeild LMFÍ

Félagsdeildin var stofnuð í ársbyrjun 1999 og er sjálfstætt rekin eining við hlið skyldubundna hluta félagsins. Ársgjöld félagsdeildar eru kr. 9.500 og er lögmönnum í sjálfsvald sett hvort þeir eru í henni eður ei.

Félagar fá afslátt af námskeiðum sem LMFÍ heldur sem og ýmsum viðburðum. Margir nýta sér afslátt af líkamsræktarstöðvum sem er bundinn aðild og öðrum bestukjörum sem veitt eru.

Ef félagar eru á LÖGMANNALISTANUM og sækja eitt til tvö námskeið á ári þá er félagsaðildin búin að borga sig upp.

**Ert þú félagi í félagsdeild LMFÍ?**

# Braut dómsmálaráðherra sett lög með skipun í embætti hæstaréttardómara?

Í opinberri umræðu hefur töluvert Íverið fjallað um hvort dómsmálaráðherra hafi brotið reglur stjórnssýslunnar með skipun Ólafs Barkar Þorvaldssonar í embætti hæstaréttardómara. Ég ætla að varpa ljósi á þá hlið málsins sem snýr að öðrum lögum og hugsanlegu broti á þeim; lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í Hæstarétti eru nú níu dómara, tvær konur og sjö karlar.



**Sif Konráðsdóttir**

## Hvað segja fordæmin?

Dómar Hæstaréttar frá 1993 bls. 2230, 1996 bls. 3760, 1998 bls. 3599 og 10. október 2002 í málinu nr. 121/2002 fjalla allir um stöðuveitingar, þar af þrjár um embætti og stöðu sem ráðherra skipaði í. Í þeim eru nokkurn veginn samhljóða ummæli réttarins þess efnis að valdi viðkomandi veitingarvaldshafa hafi verið „þau mörk sniðin, sem leiddi af [jafnréttis]lögum [...] og almennum grundvallarreglum í stjórnssýslurétti um undirbúning stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda.“

Íslenska ríkið átti aðild að öllum þessum málum og í þeim elstu sló Hæstiréttur því föstu að brotið hefði verið gegn jafnréttislögum. Í öllum málunum var um að ræða starfssvið þar sem fáar konur voru og málin voru höfðuð af konum. Starfssviðin voru á sviði háskólakennslu, stjórnunar hjá ríkisstofnun, héraðsdýralækninga og í síðasta málinu var fjallað um veitingu sýslumannsstöðu.

Í elsta dómnum segir Hæstiréttur svo um þau ákvæði jafnréttislaga sem byggt var á: „... með lögnum er leitast við að stemma stigu við mismunun. Erfitt er oft og tíðum að sanna, að um hana hafi verið að ræða. Lögin yrðu að þessu leyti þýðingarlitil, nema meginreglurnar

Í auglýsingu um starfið er ekki að finna neina leiðbeiningu um það hvaða hæfni sérstaklega hafi verið leitast eftir. Er því ekki við mikið annað að styðjast en lög um dómstóla um verkefni hæstaréttardómara og hvaða sjónarmið eigi að ráða við val á umsækjenda.

[...] séu skýrðar svo við núverandi aðstæður, að konu skuli veita starf, ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin að því er varðar menntun og annað, sem máli skiptir, og karlmaður, sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur.“ Þessi ummæli eru svo endurtekin í dómnum frá 1996 og 1998.

Í öllum fjórum dómsmálunum var óumdeilt að bæði sá karl sem fékk stöðuna og konan sem taldi framhjá sér gengið töldust hæf til að gegna starfinu. Í dómnum frá 1993 og 1998 lá

fyrir formlegt mat á hæfni umsækjendanna og taldi Hæstiréttur í öðru tilvikinu að konan væri að minnsta kosti jafn hæf karlinum, og í hinu tilvikinu var því slegið föstu að menntun og starfsreynsla skipaði konunni „eftir almennum mælikvarða“ „skör fram“ en karlinum. Í dómnum frá 1996 og 2002 leit Hæstiréttur til þess hvað gefið var til kynna í auglýsingunum um störf og til fleiri gagna um eðli starfanna þegar hann komst að niðurstöðu um hvað réttmætt hefði verið að gefa vægi við mat á hæfni umsækjendanna. Í eldra málinu voru ekki efni til að gera mun á umsækjendunum tveimur en í nýrri dómnum taldist konan ekki hafa sýnt fram á að hún væri jafnhæf eða hæfari en karlinn til að gegna starfinu og var íslenska ríkið því sýknað í Hæstarétti. Í báðum síðasttöldu málunum skiluðu tveir dómendur sératkvæði og komust að öndverðri niðurstöðu við meirihlutann.

## Hvernig mat Hæstiréttur hæfni umsækjenda?

Í umsögn Hæstaréttar til dómsmálaráðherra frá 5. ágúst sl. um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara, kemur fram að þeir uppfylli allir almenn hæfisskilyrði og fullnægi allir að auki lág-



markskröfum um hæfni skv. 8. tl. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 15/1998, „þótt að öðru leyti megi greina nokkuð milli þeirra í þeim efnum“.

Hvergi er með beinum hætti sagt í umsögninni hver eða hverjir af umsækjendum standi öðrum framur þegar allt er lagt saman. Hæstiréttur segir það ekki í umsögn sinni að Ragnar Halldór Hall lögmaður og Eiríkur Tómasson prófessor séu hæfari en aðrir umsækjendur samkvæmt almennum mælikvarða. Eins og margoft hefur komið fram taldi Hæstiréttur hins vegar *heppilegast* að annar hvor þeirra yrði fyrir valinu að þessu sinni. Rökstuddi rétturinn það með vísan til sjónarmiða um hvernar þekkingar og reynslu helst sé þörf eins og deildarskipting sé þar nú og verklag um meðferð kærumála, sem fari fjölgandi og séu oftast um réttarfarsleg álitæfni. Rétturinn bar hins vegar hæfni umsækjenda saman með viðurkenndum mælikvörðum.

Í umsögninni kemur fram að Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari stendur Ólafi Berki Þorvaldssyni framur að því er varðar námsárangur á embættisprófi. Fram kemur að Hjördís hefur sinnt fræðistörfum umfram aðra umsækjendur úr hópi héraðsdómara og lögmanna og hefur mest framhaldsnám allra umsækjendanna. Tekið er fram að bæði Ólafur og Hjördís hafi langa dómarareynslu. Hjördís hefur verið dómari frá 1983 og Ólafur frá 1990. Greint er frá því í yfirliti um það sem komi fram í umsóknum og fylgigögnum að Ólafur hefur verið skipaður varadómari í tveimur málum í Hæstarétti, þó Hæstiréttur nefni það ekki sérstaklega þegar hann ber saman umsækjendurnar í umsögn sinni. Nefnt er að bæði hafi töluverða reynslu af öðrum störfum en dómstörfum, Hjördís sem sýslumaður og Ólafur sem dómstjóri.

Í auglýsingu um starfið er ekki að finna neina leiðbeiningu um það hvaða hæfni sérstaklega hafi verið leitað eftir. Er því ekki við mikið annað að styðjast en lög um dómstóla um verkefni hæstaréttardómara og hvaða sjónarmið eigi að ráða við val á umsækjenda. Í auglýsingunni um embættið er hins vegar þessi vísing: „Sú regla gildir hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess að hafa skal í heiðri jafnrétti kynjanna við stöðuveitingar.“ (Lögbirtingablað nr. 91, 30. júní 2003). Það er vel mögulegt að það hafi einhverja þýðingu við mat á því hvort um brot er að ræða að veitingavaldið árétti lagaskyldur sínar með þessum hætti í auglýsingu.

Samkvæmt öllu þessu er að mínu mati nærtækt að álykta sem svo að dómismálaráðherra hafi brotið lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þegar hann tók umsækjandann Ólaf Þörk Þorvaldsson fram yfir umsækjandann Hjördísi Hákonardóttur.

## Skattur á Íslandi

Út er komin bókin: Skattur á fyrirtæki eftir **Ásmund G. Vilhjálmsson** hdl., forstöðumann skattasviðs endurskoðunarfyrirtækisins Grant Thornton. Bókin hefur að geyma um 1000 tilvitnanir í dóma og úrskurði skattfyrivalda hér á landi og á Norðurlöndunum. Bókin skiptist í þrjá meginþætti. Fyrsti þáttur fjallar um hugtakið atvinnurekstur og hvaða tekjur tilheyra honum. Í öðrum þætti ræðir svo um frádrátt frá þessum tekjum en bókinni lýkur með ítarlegri greinargerð um skattlagningu einstakra rekstrarforma, þ.á m. skattfrjálsri umbreytingu þeirra úr einu fyrirtæki í annað. Hægt er að panta bókina hjá Skattvís, agv@skattvis.is



**Þú getur fengið þá á netinu!**

**www.pmt.is**  
**ALLAR GERÐIR STIMPLA**



**pmt**  
last miðar & tæki ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

## PISTILL FORMANNS:

Lögmenn eru væntanlega sammála um að Lögmennska geti verið ákjósanlegur undirbúningur að starfi sem hæstaréttardómari. Því sjónarmiði hefur ítrekað verið komið á framfæri af stjórn félagsins við veitingarvaldshafann. Lögmenn hljóta að fagna því að Hæstiréttur hafi tekið undir þetta sjónarmið í umsögn sinni vegna síðustu skipunar í embætti hæstaréttardómara, jafnvel þótt ráðherra hafi kosið að fara aðra leið en Hæstiréttur taldi heppilegasta. Ráðherrann tilgreindi Evrópuréttarþekkingu þess sem skipaður var sem meginástandu ákvörðunar sinnar. Ekki skulu bornar brigður á þekkingu dómarans á því sviði, en nýjum hæstaréttardómara óskað velfarnaðar í mikilvægu starfi.

Evrópurétturinn teygir anga sína víðar. Af hans sökum verður að breyta lögmannaögunum frá 1998. Lögin sem þau leystu af hólmi stóðu í nánast heilan mannsaldur, frá miðju seinna stríði. Skuldbindingar Íslendinga að Evrópurétti krefjast þess hins vegar að þegar verði settar reglur um það með hvaða hætti kollegar af Evrópska efnahagssvæðinu geti starfað hér á landi í skjóli eigin réttinda. Niðurstaðan varð sú að ekki dygði annað en lagabreyting til. Evrópskuldbindingar stóðu reyndar til þess að reglurnar yrðu settar fyrir 1. mars á þessu ári, þannig að Ísland er orðið í skömm með málið. Ekki er vitað til þess að þetta hafi komið að sök en við svo búið má ekki standa.

Það var ekki svo, sem stundum vill verða, að stjórnvöld hafi vaknað upp við vöndan draum og gert sér grein fyrir skuldbindingu sinni alveg nýverið. Þvert á móti var vinna að endurskoðun lögmannaálaganna hafin fyrir allnokkru. Dómsmálaráðuneytið, í samstarfi við stjórn LMFÍ starfsárið 2001-2002, vann frumvarpsdrög, sem fyrirhugað var að leggja fram á haustþingi 2002. Ákveðið var að einskorða vinnuna ekki við málafni evrópskra starfssystkina, heldur láta fara fram heildarendurskoðun. Frumvarpsdrögin fólu í sér tillögur að verulegum breytingum.

Ekki náðist að kynna drögin fyrir félagsmönnum LMFÍ.

Ný stjórn LMFÍ taldi rétt að taka frumvarpsdrögin til frekari skoðunar áður en þau yrðu kynnt félagsmönnum. Varastjórnarmenn og laganefndarmenn voru fengnir til liðs við stjórnina um það verkefni og kallað eftir athugasemdum þeirra. Þá var ennfremur farið fram á að frumvarpið yrði sent réttarfarsnefnd til umsagnar.



**Gunnar Jónsson**

hrl.

Leikar fóru þannig að eitt atriði frumvarpsins, sem varðaði menntunarkröfur til lögmannaefna, stal umræðunni um málið og fór með það í hjólfar sem ekki varð komist upp úr. Frumvarp, sem tryggja átti að Íslendingar virtu skuldbindingar sínar

gagnvart evrópskum lögmönnum, varð að frumvarpi um það hvort aðrir en Háskóli Íslands gætu útskrifað lögmannaefni. Umræðan varð bæði heit og áköf, svo áköf að frumvarpinu var breytt og sniðið af því annað en Evróputilskipunin og menntunarkröfurnar. Það dugði þó ekki til og frumvarpið dagaði uppi á stuttu kosningaþingi.

En nú á að leggja frumvarpið fram að nýju, fullbúið. Áður en til þess kemur verður það kynnt lögmönnum og ekki er annað vitað en það verði sent réttarfarsnefnd til umsagnar. Í frumvarpinu verður að finna tillögur að ýmsum breytingum, misveigamiklum Þær sem ég ímynda mér að mikilsverðastar teljist, auk réttinda Evrópulögmanna, varða öflun lögmanna-réttinda, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, heimildir Úrskurðarnefndar til að taka upp málalagjald og fella á aðila kostnað og, síðast en ekki síst, heimildir annarra en Háskóla Íslands til þess að útskrifa embættisgenga, eða fullnuna, lögfræðinga. Vonandi er að afraksturinn verði lögmannaölg sem menn geti fellt sig við.

Varðandi heimildir annarra en Háskóla Íslands til þess að útskrifa embættisgenga lögfræðinga sýnist mér augljóst að vilji löggjafans

standi til slíkrar breytingar og löggjafinn ræður. Það hlýtur hins vegar að vera kappsmál allra, ekki síst aðstandenda nýrra skóla, að sem mest sátt verði um breytinguna. Frumvarpstextinn hljóðar þannig:

*Hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi skv. lögum um háskóla.*

Gagnrýni hefur að mestu lotið að því, að

„inntak“ námsins sé ekki skilgreint. Það verður hins vegar ekki gert í eitt skipti fyrir öll í laga-texta. Spurning er hins vegar hvort kveða mætti á um reglugerðarheimild og skilgreina lágmarkskröfur í reglugerð. Með því væri að minnsta kosti tryggt að mat á „fullnaðarnámi“ í skilningi laganna væri ekki einungis skólans sjálfs. Það held ég að sé lykkillinn að lausn málsins.

Lögmenn fá meira um þetta að heyra innan tíðar.

## Skil fjárvörslufirlýsinga vegna ársins 2002.

Þann 1. september s.l. rann út frestur lögmanna til að skila inn fjárvörslufirlýsingum fyrir árið 2002. Enn á alltof stór hópur lögmanna eftir að skila inn fullnægjandi yfirlýsingu, staðfestri af löggiltum endurskoðanda og eru þeir hvattir til að ganga frá sínum málum hið fyrsta.

## Greiðsla árgjalda til LMFÍ fyrir yfirstandandi ár

Gíróseðlar vegna árgjalds til Lögmannafélags Íslands fyrir yfirstandandi ár, voru sendir félagsmönnum í maí s.l., en gjalddagi var 1. júní. Þeir lögmenn, sem enn hafa ekki gengið frá greiðslu árgjaldsins, eru hvattir til að greiða það hið fyrsta. Einnig er þeir félagsmenn sem skulda fyrri árgjöld hvattir til að bæta úr því, en ógreiddar gjaldfallnar árgjaldsskuldir verða sendar í lögfræðisheimtu innan tíðar.

## Stálslegið öryggi

Öryggisskáparnir frá Rosengrens eru traust geymsla fyrir peninga, skjöl, tölvugögn og önnur verðmæti. Skáparnir sem eru í hæsta gæðaflokki fást í ýmsum stærðum og gerðum. Kynnið ykkur úrvalið.


YDDA/51A

**Bedco & Mathiesen ehf**  
**Bæjarhrauni 10**  
**Hafnarfirði**  
**Sími 565 1000**

**BEDCO & MATHIESEN**



# ÚRSLIT GOLFMÓTA LÖGMANNA SUMARIÐ 2003



Þessar myndir tók sérlegur hirðljósmyndari golfklúbbs LMFÍ, Helgi Bragason hdl., á Opna Lundamótinu í Vestmannaeyjum í sumar. Veður var einstakt og völlurinn frábær en Íslandsmót í golfi var í Eyjum nokkrum dögum fyrir mót. Hér er lokahollið slá inná 18. grín, ef vel er skoðað má sjá bolta lenda í vatninu, þegar þetta er skrifað er ekki vítað hver á það högg.

## I. GUÐMUNDARBIKARINN & ÓLA AXELS-BIKARINN.

Fyrsta golfmót sumarsins á vegum golfnefndar LMFÍ var minningarmót um Guðmund Markússon hrl. og Ólaf Axelsson hrl. Mótið var haldið á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði 23. maí sl. og tóku 33 keppendur þátt sem mun vera met. Mótshöldurum til mikillar ánægju voru faðir og sonur Guðmundar Markússonar meðal keppenda; þeir Markús Guðmundsson, fyrrverandi skipstjóri, og Davíð Guðmundsson, lögfræðingur hjá Deloitte & Touche.

### Úrslit urðu eftirfarandi:

A. Í keppni um Guðmundarbikarinn  
(án forgjafar):

1. Björgvin Þorsteinnsson hrl., 73 högg
  2. Peter Möllerup lögmaður, 79 högg
  3. Rúnar Guðmundsson hdl., 83 högg
- Bernhard Bogason hdl., 83 högg

B. Í keppni um Óla Axels bikarinn  
(punktakeppni með forgjöf):

1. Karl Ó. Karlsson hdl., 35 punktar  
(betra skor á seinni 9 holum)
2. Björgvin Þorsteinnsson hrl., 35 punktar
3. Rúnar Guðmundsson hdl., 34 punktar



Fyrsta golfmót sumarsins var haldið til minningar um Ólaf Axelsson hrl. og Guðmund Markússon hrl. F.v. Davíð Guðmundsson lögfræðingur, Karl Ó. Karlsson hdl., Markús Guðmundsson frv. skipstjóri, Rúnar Guðmundsson hdl., og Björgvin Þorsteinnsson hrl.



Karl Ólafur Karlsson  
púttar fyrir fugli  
(líklega lunda) á  
15.holu og Gunnar  
Viðar fylgist  
einbeittur með.



Golfvöllurinn í Vestmannaeyjum stendur fyrir opnu hafi og stundum gerist það að golfkúlurnar leita í fjöruna. Hér eru tveir lögmenn í kúluleit og lesendur geta skemmt sér við að geta hverjir eru á ferð en annar þeirra er með sérstaka golfboltatryggingu hjá TM og ætti því ekki að verða fyrir miklu tjóni nema skilmálarnir undanskilji 17. holuna á vellinum í Eyjum!

### I. Fjórleikur við tannlækna.

Keppnin fór að þessu sinni fram á Nesvellinum, 24. júní og var hörkuspennandi. Tannlæknarnir eru jafnan harðir í horn að taka og erfiðir á sínum „heimavelli“ Nesvellinum. Við mættum hins vegar með sterkt lið til leiks og héldum bikarnum.

### II. Fjórleikur við lækna.

Keppnin fór fram á hinum skemmtilega Strandarvelli á Hellu, 13. júlí. Fór lið LMFÍ með sigur úr þeirri viðureign í baráttuleik.

### III. Fjórleikur við endurskoðendur.

Keppnin var færð frá Kiðjabergsvellinum á Leynisvöllinn og fór fram hinn 24. júlí. Fyrir þessa viðureign voru tvær dollur af þremur komnar í hús og því mikilvægt að sigra til að ná þeim öllum. Leikar fóru þó þannig að lið endurskoðenda vann með nokkrum yfirburðum. Virðumst við vanmeta lið endurskoðenda sem er orðið feiknasterkt, auk þess sem nokkra af okkar sterk-

Jóhann Pétursson, Grétar Jónatansson (gestur), Guðmundur Pétursson og Ólafur Rafnsson á leið á 17. teig, mjög taugaveiklaðir fyrir næsta högg sem liggur yfir hafið.





Að loknu móti. F.v: Ólafur Rafnsson, Gunnar Viðar, Hilmar Magnússon, Karl Ólafur Karlsson, Guðmundur Sigurðsson, Guðmundur Pétursson, Guðjón Grétarsson, Hrannar Jónsson og Stefán Ólafsson. Á myndina vantar gestgjafana Jóhann Pétursson og Helga Bragason.

#### Án forgjafar:

1. Björgvin Þorsteinsson	76 högg
2. Gísli Hall	84 högg
3. Rúnar Guðmundsson	91 högg
4. Karl Karlsson	102 högg

#### Með forgjöf:

1. Björgvin Þorsteinsson	74 högg
2. Gísli Hall	79 högg
3. Karl Karlsson	81 högg
4. Rúnar Guðmundsson	83 högg

ustu mönnum vantaði. Eru þeir hinir sömu beðnir að skipuleggja sumarfríð sitt betur að ári.

#### IV. Opna Lundamótið

Keppnin fór fram í Vestmannaeyjum föstudaginn 22. ágúst. Spiluð var 18 holu punktakeppni en úrslit urðu eftirfarandi:

1. sæti: Helgi Bragason með	34 punkta
2. sæti: Guðjón Grétarsson með	33 punkta
3. sæti: Karl Ó. Karlsson með	29 punkta

#### VI. Meistaramót LMFÍ

Meistaramótið var haldið föstudaginn 19. september og aðeins átta manns – tvö holl – tóku þátt. Það leit svo sem allt út fyrir mjög dræma þátttöku en fjórir afboðuðu sig með ca. 40 mín. fyrirvara. Mikið rok hafði áhrif á leik þessara átta sem mættu en skorin voru eftirfarandi:

Holuverðlaun fengu Björgvin Þorsteinsson og Rúnar Guðmundsson. Björgvin Þorsteinsson var með lengsta drive. Að loknum leik fengu keppendur súpu og pottrétt eins og þeir gátu í sig látið í boði Sjóvá-Almennra, sem styrktu mótið einnig með verðlaunagripum. Hafði verið pantað og eldað ofan í 25 manns en niðurstaðan var að við fengum mat fyrir 15. Það var því nóg til.

Skipuleggendur hafa mikinn hug á að halda meistaramótið fyrr á næsta ári.

Við þökkum þeim kylfingum sem tóku þátt í mótum þessa árs fyrir golfsumarið. Við vonumst til að sjá enn fleiri lögmenn með golfkylfur að ári og ekki síst hinn mikla fjölda af upprennandi golfspilurum sem sögur fara af í stéttinni.

*Með kveðju frá sjálfskipaðri golfnefnd LMFÍ*



# Fréttir frá félagsdeild

## Fréttir frá félagsdeild

Starfsmaður félagsdeildar hefur undanfarið einbeitt sér að undirbúningi haustsins. Ekki hafa þó haustverkin falist í sultugerð eða sláturstússi að þessu sinni heldur undirbúningi námskeiða fyrir lögmenn, haustferðar á Þingvelli og annað sem þarf að huga að svo þeir svelt ekki á andlega sviðinu. Afraksturinn er nokkuð drjúgur þótt hann fari hvorki í búrið eða frystikistuna.

Að þessu sinni verður farið í haustferðalag á Þingvelli og mun Sigurður Línadal fyrrverandi lagaprófessor verða fararstjóri. Lagt verður af stað kl. 14 laugardaginn 4. október, og verður gengið um þingstaðinn með Sigurði. Endað verður með þriggja rétta máltíð í Valhöll.

## Haustnámskeið

Á þessu hausti eru 10 námskeið skipulögð hjá félaginu og eru þau af ýmsu tagi. Má þar nefna trílógú um fjármálamarkaðinn, upplýsingaleit á netinu, word fyrir vana, námskeið í tölvupósti og villibráðarnámskeið sem búist er við mikilli þátttöku á. Einnig eru skipulögð námskeið fyrir starfsmenn á lögmennsstofum, bæði í ensku og gerð hæstaréttarágripa. LMFÍ hefur það að stefnu sinni að bjóða félagsmönnum sínum upp á fjölbreytt námskeið á sanngjörnu verði og félagsmenn kunna vel að meta það. Námskeiðin eru öll auglýst á öðrum stað í blaðinu og um að gera að skrá sig sem fyrst.

## Handbók lögmanna

Það gerist öðru hvoru að lögmenn hafa samband við félagið og undra sig á því að þeir hafa ekki fengið sent efni í handbók lögmanna um langa hríð. Svarið við þessu er að handbókin hefur um nokkurra ára skeið verið gefin út á netinu. Í vinstra horni á heimasíðu félagsins, [www.lmfí.is](http://www.lmfí.is) er tengill í handbók þar sem félagsmenn geta valið á milli fjölmargra möguleika, m.a. að prenta út félagatalið. Skrifstofa



Eyrún Inga Óttir

LMFÍ getur hins vegar ljósritað félagatalið ef menn kjósa frekar og kostar það þá kr. 600,-

## Erfðafjárskattur – Skuldabréf

Á heimasíðu LMFÍ eru reiknivélar til að reikna út erfðafjárskatt og afborganir skuldabréfa. Reiknivélararnar eru aðeins opnar fyrir félagsmenn félagsdeildar LMFÍ.

## Bókasafn LMFÍ

Á hverju ári er talsverðri fjárhæð varið í kaup á nýjum bókum, gagnagrunnum og föstum áskriftum fyrir bókasafn Lögmannafélagsins en sérstök bókasafnsnefnd sér um valið. Það sem af er þessu ári hafa verið keyptar u.þ.b. 40 bækur en auk þess er notkun Karnov og Ufr á internetinu sífellt að aukast. Hægt er



að skoða bókakost bókasafns LMFÍ á heimasíðu félagsins. Metrabókin er opin fyrir alla meðlimi félagsdeildar LMFÍ og því handhægt að athuga hvort viðkomandi rit eru til áður en komið er til að leita á bókasafninu. Boðið er upp á aðstoð fyrir hádegi við að komast í gagnagrunna á internetinu og fleira. Einnig er rétt að benda á námskeið í upplýsingaleit á netinu sem verður haldið á haustönn hjá félaginu. Internetið er sífellt að verða mikilvægari leitarmiðill fyrir lögmenn sem aðrar stéttir og enginn ætti að láta fram hjá sér fara stutt námskeið í að rata í því völundarhúsi. Auk þess er byrjað að bjóða upp á að kaupa einstakar greinar hjá Karnov og Ufr en nánar er hægt að lesa um það á heimasíðu þeirra [www.thomson.dk](http://www.thomson.dk).



Hluti útskrifarnemenda á hdl-námskeiði vorið 2003 sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið stóð fyrir.

## Metaðsókn að hdl-námskeiði

**Þann 28. maí sl. útskrifuðust 56 nemendur úr bóklegum hluta námskeiðs til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda. Þetta er í fjórða sinn sem námskeiðið er haldið og aðsókn var mun meiri en áður. Í prófnefnd sátu Eiríkur Tómasson lagaprófessor, Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari og Sif Konráðsdóttir hrl., en auk þeirra kenndi fjöldi lögmanna á námskeiðinu.**

Bóklegi hluti námsins var í tvennu lagi þar sem í fyrri hlutanum var farið í réttindi og skyldur lögmanna, störf verjenda og réttargæslumanna, skiptastjórn, sönnun, lögfræðilega skjalagerð og störf lögmanna í fullnustugerðum. Í síðari hlutanum var málflutningur, rekstur lögmannsstofa auk kynningar á starfsemi LMFÍ. Að loknum bóklegum hluta var útskrift en nemendur þurfa að þreyta verklega prófraun innan sex mánaða til að fá réttindi sem héraðsdómslögmennt.

Við útskriftina ræddi Eiríkur Tómasson formaður prófnefndar um mikilvægi réttaröryggis og hve erfitt það getur reynst lögmönnum að varðveita sjálfstæði og trúnað við umbjóðendur í sumum málum þar sem almenningssálitíð er andsnúið sakborningum. Í slíkum tilvikum væri mikilvægt að lögmenn héldu trúnað bæði vegna hagsmuna skjólstæðinga og réttaröryggis. Eiríkur sagði það eitt af skilyrðum fyrir því að dómstólar viðhéldu sjálfstæði sínu að þeir drægjust ekki um of inn í þær deilur sem uppi væru í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Til þess að forðast slíkt væru mál lögð fyrir dómstólana með tilteknum hætti þar sem fram kæmu sjónarmið málsaðila. Þetta mikil-

væga hlutverk væri oftast nær í höndum lögmanna og þar sem málsúrslit réðust oft af málalíbúnaði aðila skipti sköpum að þeir séu vandanum vaxnir. “Ef lögmenn leysa störf sín vel af hendi leiðir það m.ö.o. til vandaðri dómsúrlausna og þar með aukins réttaröryggis í þjóðfélaginu,” sagði Eiríkur sem enn fremur ræddi um þær miklu kröfur sem gera þyrfti til hæfni og menntunar íslenskra lögmanna ef réttarkerfið ætti að jafnast á við það sem best gerist með öðrum þjóðum.

Þegar nemendur höfðu fengið afhent prófskírteini sín bauð Gunnar Jónsson, formaður LMFÍ, þá velkomna í Lögmannafélag Íslands. Hann ræddi almennt um lögmannsstarfið og lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þess að lögmenn væru sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Þannig væri grundvallaratriði að úrskurðar- og agavald yfir lögmönnum yrði áfram hjá lögmannafélaginu. Lögmenn, sem væru undir eftirlits- og agavaldi stjórnvalda, gætu vart talist óháðir. Gunnar sagði t. d. að stöðugt væri sótt að þagnarskyldunni undir formerkjum annarskonar góðra og gildra hagsmuna, s.s. til varnar gegn peningaþvætti og í þágu ýmiskonar rannsókna yfirvalda. “En lögmenn hljóta að verjast slíkum árásum, þagnarskyldan er liður í réttarörygginu. Borgararnir verða að geta treyst því að lögmenn leki því ekki til yfirvalda sem undir þá er borið. Þau réttindi borgaranna verða lögmenn að vernda og sú barátta verður ykkar í framtíðinni,” sagði Gunnar að lokum.

Lögmannablaðið ræddi við tvo nýútskrifaða lögmenn, þau Vífil Harðarson og Helgu Hlín Hákonardóttur um hvernig þeim hefði líkað námskeiðið.



Eiríkur Tómasson formaður prófnefndar afhendir þátttakanda prófskírteini við útskrift af hdl. námskeiðinu.

## Vífill Harðarson



**útskrifaðist úr Háskóla Íslands haustið 2002 og stundar nú lögmennsku hjá Lex.**

*Ertu ánægður með hdl námskeiðið?*

Nei, því miður get ég nú ekki sagt að ég hafi verið sérstaklega ánægður með námskeiðið þó ég sé vissulega ánægður með að vera búinn með það. Það er mjög margt varðandi þetta námskeið sem mér finnst að betur mætti fara þó ýmislegt hafi nú líka verið ágætlega gert.

*Hvað fannst þér gagnlegast á því?*

Þau atriði sem ég held að eigi einna helst eftir að nýtast mér í störfum sem lögmaður eru nokkrir

á hugaverðir fyrirlestrar á seinni hluta námskeiðsins. Þar má t.d. nefna fyrirlestra Þórunnar Guðmundsdóttur um samningu málflutningsræðu, Jóns Steinars Gunnlaugssonar um munnlegan málf lutning, Jakobs Möller um sönnunarfærslu fyrir dómi og Sigurðar Tómasar Magnússonar um skýrslutökur af vitnum. Þessir fyrirlestrar áttu það sameiginlegt að ekki var verið að þylja upp ákvæði einkamálaganna, meginreglur réttarfars eða önnur atriði sem allir lögfræðingar eiga að vera búnir að læra eftir fimm ára háskólanám heldur var verið að fara yfir hagnýt atriði sem líklegt er að komi sér vel þegar menn fara að starfa sem lögmenn.

Einnig var fróðlegt að fá smá innsýn í samningatækni, maður gerir sér betur grein fyrir því hversu miklu máli hún getur skipt. Æfingarnar í málf lutningi voru líka gagnlegar.

*Hvað fannst þér að gera mætti betur?*

Það er vissulega margt sem mætti gera betur. Fyrir það fyrsta mætti skipulagning námskeiðsins vera í mun fastari skorðum. Þannig finnst mér að það verði að gera þá kröfu að strax í upphafi námskeiðsins liggja ljóst fyrir nákvæmlega hvenær kennsla verði bæði á fyrri og seinni hluta og hvenær próf verði. Margir af þeim sem sækja námskeiðið þurfa í störfum sínum að skipuleggja sig töluvert langt fram í tímann og því finnst mér að gera verði þá kröfu að allar tímasetningar liggja fyrir frá upphafi. Þegar námskeiðið hófst nú í vetur lá t.d. ekki alveg ljóst fyrir hvenær kennsla á síðari hluta þess hæfist og þaðan af síður hvenær prófin yrðu. Í ljósi þess að það er skyldumæting í

Að þessu sinni útskrifuðust 27 konur og 29 karlar af hdl. námskeiðinu. Á þessari mynd eru (talið frá vinstri) Ásdís Magnúsdóttir, Þóra Margrét Hjaltsted, Rut Gunnarsdóttir og Íris Arna Jóhannsdóttir.



tíma þá held ég að þetta hljóti að vera algjörlega nauðsynlegt.

Stærsti gallinn við námskeiðið var þó að mínu mati sá að kennslan var, á heildina litið, mjög ómarkviss og einkenndist af miklum endurtekninum. Allt of miklum tíma var t.d. eytt í að fara í efni sem þátttakendur áttu að hafa lært í kjarnafögnum í lagadeildinni, þá aðallega réttarfari. Við það bættist að kennararnir voru líka oft að fjalla um efni í sínum fyrirlestrum sem farið hafði verið í af öðrum kennurum á námskeiðinu og jafnvel efni sem þeir höfðu sjálfir fjallað um fyrir á námskeiðinu. Það virðist því vera að kennararnir fái litlar upplýsingar um það hvaða efni þeir eiga að fjalla um og hvaða efni aðrir kennarar muni fjalla um. Ég held að það hljóti að vera jafn leiðinlegt fyrir kennarana að kenna efni sem nemendur hafa heyrt fjallað um skömmu áður, jafnvel oftar en einu sinni, og fyrir nemendurna að hlusta á það.

Auðvitað stóðu margir kennaranna sig vel og oftar en ekki held ég að um hafi verið að kenna skorti á því að þeir væru nógu vel upplýstir um það um hvað þeir ættu að fjalla um og hvað aðrir hefðu eða myndu fjalla um. Ég tel að prófnefndin verði að tryggja að efni fyrirlestra skarist ekki jafn mikið og raun ber vitni. Ég held að það yrði til mikilla bóta að skilgreina nokkuð nákvæmlega á hverju nemendur eigi að kunna skil að loknu námskeiðinu og um hvað eigi að fjalla í hverjum fyrirlestri. Það dugar ekki að segja bara við fyrirlesara: „Farðu nú og segðu þeim eitthvað sniðugt um Lögmannafélagið,“ sagði Vífill að lokum.

### **Helga Hlín Hákonardóttir**



**útskrifaðist úr Háskóla Íslands árið 1997 og starfar nú hjá lögfræðideild Íslandsbanka.**

*Ertu ánægð með hdl námskeiðið?*

Já mjög ánægð og þá sérstaklega með fyrri hlutann. Efnið var áhugavert, farið í almennt praktísk atriði í réttarfari og fullnustugerðir voru góðar. Siðareglur og réttindi og skyldur lögmanna voru auðvitað tekin fyrir og ég held reyndar að allir starfandi lögmenn hefðu



Nemendur ásamt Gunnari Jónssyni formanni í mótöku LMFÍ að lokinni útskrift. F.v. Ólafur Ari Jónsson, Gunnar Jónsson, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Karen Bragadóttir.

gagn af því að fá þetta efni beint í æð með reglulegu millibili.

*Hvað fannst þér gagnlegast á því?*

Minn ágæti árgangur í Lagadeild HÍ fékk ekki kennslu í fullnustugerðum á sínum tíma, svo það var mjög gott að fá kennslu í þeim. Aðalsteinn Jónasson kenndi okkur og gerði þarna góða hluti sem oftar. Svo var líka gagnlegt að máta skikkjurnar niðri í Héraðsdómi Reykjavíkur og þar komst ég að því að þær minnstu pössuðu mér næstum því, en það er alveg spurning hvort ekki ætti að smella þeim í hreinsun?

*Er eitthvað sem þér finnst að hefði mátt gera betur?*

Menn voru almennt sammála um að seinni hluti námskeiðsins nýttist ekki jafn vel og sá fyrri. Einhverjir voru komnir með samviskubít gagnvart vinnuveitendum sínum þar sem þeim fannst þeir ekki vera að nýta tímann nógu vel. En það var engu að síður ákaflega gaman að setjast aftur á skólabekk og kynnast fullt af skemmtilegum kollégum. Nú svo myndaðist auðvitað nett lagadeildarstemning í hópnum og að loknum prófum var fagnað ógurlega eins og okkur einum er lagið!



## *Af Merði lögmanni*

*Mikil sæla er það nú stundum að vera alls óskyldur ráðamönnum þjóðarinnar. Að ekki sé minnst á það að hafa ekki málflytningaréttindi fyrir Hæstarétti. Hváru tveggja sýndist Merði að fylgdi fátt annað en armæða og leiðindi við að vera sífellt á milli tanna á hælbitum og öfundsfýkingum. Alveg var Mörður að örmagnast á öllum kaffistofuumræðunum um skipan í ýmis embætti, sérstaklega þetta nýjasta hjá Arnarhólnum.*

*Að ekki sé minnst á alla meinbægnina sem nú tröllríður þjóðfélaginu í garð framkvæmdamanna og þeirra öðlingsmanna sem skaffað hafa okkur bensínið. Merði virtist það nánast vera þannig að ekki nokkur maður mætti rísa upp úr meðalmennskunni og öngla saman nokkrum aurum án þess að alls kyns stofnanir og rannsóknarembætti væru komnar með nef sitt ofan í þeirra kopp. Löggan að skoða skútur, skatturinn að frílista sig á Jómfrúreyjum og Samkeppnisstofnun að lesa um príseringuna á bensíni og dragandi glannalegar ályktanir af prakkaralegu spjalli olúgreifanna.*

*Nei, Mörður leyfði sér að efast um að þjóðin væri sælli með tilvistina þegar svo væri komið að enginn þyrði að skara fram úr og allt verður orðið kollhúfulegt miðjumóð. Um hvað á þá að tala? Þetta regluverk allt saman er alveg að drekkja gleði manna og ánægju af því að raka saman fé, safna í handraðann, auðgast. Þessir sem ná að öngla einhverju saman hlaupa nú orðið með það í felur í útlöndum. Af er það sem áður var þegar fullt af köllum í ungdæmi Marðar báru viðurnefnið „ríki“; Alli ríki, Einar ríki og Einar flugríki (til aðgreiningar frá hinum Einarinum) og svo þorðu menn að byggja grand! Thor Jensen og Einar í Hnithbjörgum svona til dæmis. Þá þorðu menn og dugðu.*

*Ekki það að Mörður eigi svo mikið undir sér eða búi svo flott. Kemst svosem bærilega af með þokkalega innheimtu, stöku refsímál og forsjármál og þegar saltið fer að minnka í grautnum má alltaf kvabba um nokkur eignalaus þrotabú niðri í héraðsdómi. Íbúðin í Hlíðunum með rósótta teppinu og betrekkinu dugar líka fínt. Það er kannski engin ástæða til að hafa of miklar áhyggjur af velgengni annarra eða vanda þeirra. Þeir hafa örugglega dýrari lögmann og finni í tauinu heldur en Mörð til að liðsinna sér gegn ásókn allra þessara rannsakara og meiðyrðinga. Svo geta þeir líka alltaf þegar allt um þrýtur stokkið í skjól pólitíkusanna, vina sinna, flokksfélaganna eða vandamanna sinna. Má ég þá frekari biðja um víxilinnheimtuna, þægilegt sautjándakaflamál – sælir eru ættlausir og auðlausir hugsaði Mörður og leit glottandi til himins.*

# Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna

Árlegur forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna fór fram hér á landi dagana 29. – 31. ágúst s.l., nánar tiltekið á Akureyri. Að þessu sinni voru fimm megin málefni á dagskrá fundarins, auk skýrslna félaganna um helstu þætti starfsemi hvers félags um sig frá síðasta forsætisfundi.

Fyrsta mál á dagskrá fundarins varðaði hlutverk og þýðingu agavaldsnefnda lögmanna á Norðurlöndunum og beitingu aga-úrræða. Í framsögu sinni um málið gerði Helge Aarseth, formaður norska lögmannafélagsins, m.a. grein fyrir samanburði á þeim leiðum sem farnar hefðu verið á Norðurlöndunum við setningu reglna um eftirlits- og agavald yfir lögmönnum. Upplýsti Helge að síðamál lögmanna hefðu mikið verið í brenni-depli í Noregi undanfarin misseri, m.a. í kjölfar nokkurra umfangsmikilla dómsmála þar sem lögmenn höfðu í störfum sínum gerst sekir um alvarleg brot gegn síðareglum. Í kjölfar þessara mála gætti vaxandi þrýstings frá stjórnvöldum, almenningsi og reyndar einnig frá félagsmönnum sjálfum um að stemma stigu við þessari óheilla þróun. Benti Helge á mikilvægi þess að lögmannafélögin sýndu frumkvæði í þessum málum og stæðu undir þeim kröfum sem gerðar væru til þeirra um eftirlit með félagsmönnum.

Efni það sem danska lögmannafélagið tók fyrir á fundinum snéri að hlutverki lögmanna sem ráðgjafa gagnvart almenningsi. Í nýlegri skoðanakönnun sem danska lögmannafélagið lét gera, og kynnt var á fundinum, kom fram að 88% þeirra sem nýtt hefðu sér þjónustu lögmanna á síðustu tveimur árum hefðu verið ánægðir með þjónustuna. Hins vegar hefði komið í ljós þegar þessar tölur voru skoðaðar nánar að kaupendur þessarar þjónustu voru að langstærstum hluta fyrirtæki og stofnanir, en aðeins þriðjungur þeirra einstaklinga sem könnunin náði til, hefði leitað ráðgjafar lögmanna á sama tíma. Jafnframt hafi komið fram í skoðanakönnuninni að ímynd almennings á lögmönnum væri allt önnur en ímynd forsvarsmanna fyrirtækja og stofnana og að þekking almennings á störfum lögmanna væri verulega áfátt. Ljóst væri að gera þyrfti átak í því að gera verk lögmanna sýnilegri og upplýsa almennings um það í

hverju störf þeirra sem ráðgjafa væru fólgin. Lögmenn þyrftu einnig að setja betur niður fyrir sig á hvaða réttarsviðum slík ráðgjöf sé möguleg. Þá eigi lögmenn ekki að eyða tíma í að útskýra fyrir þeim einstaklingum sem leita til þeirra í hverju vandamál þeirra væru fólgin, heldur benda á hvernig hægt sé að leysa þau, þ.e. að selja þeim lausnir.

Umfjöllunarefni sænska lögmannafélagsins á fundinum varðaði hlutverk lögmanna utan hefð-



Frá forsætisfundi norrænu lögmannafélaganna á Akureyri í lok ágúst.

bundinnar vinnu sem lögfræðilegra ráðgjafa. Bent var á að miklar breytingar hefðu orðið á störfum sænskra lögmanna á síðustu árum, m.a. vegna áhrifa Evrópusambandsaðildar, alþjóðavæðingar, aukinnar samkeppni, sérhæfingar og stærri markaðar. Vaxandi krafa væri frá fyrirtækjum um að lögmannsstofur veittu víðtækari þjónustu og hefðu sænskir lögmenn m.a. brugðist við þessum kröfum með því að ráða viðskiptafræðinga og aðra sérhæfða ráðgjafa inn á stofur sínar og þannig getað boðið skjólstæðingum sínum upp á heildarlausnir. Færðist í vöxt að slíkir sérfræðingar gerðust hluthafar í lögmannsstofum, enda ekki gerð krafa um lögmannsstofur séu 100% í eigu lögmanna.

Finnska lögmannafélagið gerði að umtalsefni trúnaðarskyldu lögmanna, uppruna hennar, stöðu og þróun, en þessi grundvallarskylda lögmanns

gagnvart skjólstæðingi sínum hefur átt nokkuð undir högg að sækja á undanförunum árum. Þannig hefur löggjöf í Evrópu í vaxandi mæli sett þessari skyldu skorður, nú síðast með breytingu á tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðir gegn peningabætti, þar sem víðtækari upplýsingaskylda er nú sett á lögmenn, vakni hjá þeim grunur um að skjólstæðingar þeirra stundi peningabætti. Gengið hefur verið ennþá lengra í Bandaríkjunum, þar sem lögmenn eru nú skyldaðir til að tilkynna yfirvöldum um hugsanleg brot á bókhaldslögum, en þessi herta upplýsingaskylda er afleiðing stórra bókhaldsmisferlismála sem komu upp þar í landi á síðasta ári. Einnig hefur trúnaðarskyldu lögmanna verið sett frekari takmörk í Bandaríkjunum í málum þar sem grunur leikur á tengslum skjólstæðings við hryðjuverka-



Að loknum fundarhöldum var farið í skemmtiferð um nágrenni Akureyrar. Hér er hópurinn á limmósínu að hríseyskum hætti.

samtök. Spurning er hvort þessi þróun sé í vaxandi mæli að eiga sér stað á Norðurlöndunum en nýlega tóku gildi lög í Finnlandi þar sem haldlagning gagna hjá lögmanni, sem varða skjólstæðing hans, er heimiluð. Veltu menn því m.a. upp hvort slík löggjöf stæðist ákvæði Mannréttinda-sáttmála Evrópu.

Um fjöllumarefni íslenska lögmannafélagsins snéri að opinberri réttaraðstoð í málum sem rekin eru fyrir stjórnsýslunni. Í framsögu sinni rakti Jóhannes Karl Sveinsson, varaformaður LMFÍ þá

möguleika sem almenningi standa til boða varðandi opinbera réttaraðstoð í einkamálum, aðstoð stéttarfélaganna við félagsmenn sína, kaup á sérstökum málskostnaðartryggingum, ókeypis ráðgjöf sem veitt er í gegnum lögmanna vakt LMFÍ og sem einnig er veitt af starfandi lögmönnum dags daglega. Hins vegar benti Jóhannes á þá þróun undarfarinna ára að löggjafinn hafi í auknu mæli fært úrskurðarvald í hendur stjórnsýsluvaldhafa þar sem ágreiningsefni, sem áður fóru fyrir dómstóla, eru útkljáð. Á sama tíma hefðu auknar skyldur verið settar á stjórnvöld varðandi upplýsingagjöf til almennings um réttindi þeirra. Benti Jóhannes á að þessi þróun hefði leitt til fjölgunar ágreiningsmála sem rekin eru fyrir stjórnsýslunni, mála sem oft á tíðum væru mjög flókin lögfræðilega og oft miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi. Í slíkum málum væri oftast en ekki leitað aðstoðar lögmanna og þegar mál hefði verið til lykta leitt stæði eftir lögfræðikostnaður þess sem málið sótti fyrir stjórnsýslunni, sem hann þyrfti að bera jafnvel þó svo hann hafi unnið fullan sigur. Sem dæmi um slíka niðurstöðu rakti Jóhannes nokkra dóma sem gengið hafa hér á landi, t.a.m. dóma Hæstaréttar í málum nr. 131/1999 og nr. 277/2002, þar sem kröfu um greiðslu kostnaðar var í báðum tilvikum hafnað. Verður niðurstaða Hæstaréttar í þessum málum ekki skilin öðruvísi en að löggjafinn verði að lögfesta slíkar heimildir til greiðslu kostnaðar af hendi stjórnvalds. Þar til slík lög verði

sett megi hins vegar búast við því að fleiri “ósanngjarnir” dómur falli, sem aftur endurspegli takmarkanir á aðgengi almennings að réttarkerfinu. Rakti Jóhannes í framhaldi af því hvaða leiðir kæmu til greina við útfærslu slíkra reglna.

Töluverðar umræður spunnust í framhaldi af framsöguerindunum, þar sem skipst var á skoðunum um málefnið, þau markmið sem stefna bæri að og leiðir til þess að ná þeim markmiðum.

# NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN

## Trilógía um fjármálamarkaðinn

Í tilefni af nýjum lögum frá Alþingi sem varða fjármálamarkaðinn stendur LMFÍ fyrir þremur námskeiðum í haust. Námskeiðin verða þrjú fimmtudaga í röð og er afsláttur veittur ef þátttakendur skrá sig á þau öll.

### 1. Ný lög um fjármálafyrirtæki.

Þann 1. janúar 2003 tóku gildi ný lög um fjármálafyrirtæki sem fólu í sér ýmsar nýjungar fyrir íslenskan fjármálamarkað. Á námskeiðinu mun Helgi Sigurðsson hrl., fjalla um helstu ákvæði þeirra.

Kennari: Helgi Sigurðsson hrl., forstöðumaður lögfræðisviðs Kaupþings-Búnaðarbanka.

**Tími:** Fimmtudagur 23. október. Kl. 16:15 – 19:15

### 2. Ný lög um verðbréfavíðskipti.

Þann 1. júlí 2003 tóku gildi ný lög um verðbréfavíðskipti. Á námskeiðinu mun Bjarki Diegó hrl., hjá Kaupþingi Búnaðarbanka fjalla um þær breytingar sem verða á víðskiptum með verðbréf í kjölfar laganna.

Kennari: Bjarki H. Diegó, hrl., hjá Kaupþing Búnaðarbanka.

**Tími:** Fimmtudagur 30. október. Kl. 16:15 – 19:15

### 3. Ný lög um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði.

Þann 1. júlí 2003 tóku gildi ný lög um verðbréfa- og fjárfestingasjóði. Jóhann Pétur Harðarson hdl., á LOGOS, mun kenna á námskeiðinu.

Kennari: Jóhann Pétur Harðarson hdl., á LOGOS.

**Tími:** Fimmtudagur 6. nóvember. Kl. 16:15 – 19:15

**Kennslustaður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9.

**Verð á hvert námskeið:** kr. 12.500,- en fyrir félagi í félagsdeild: kr. 9.000,-

**Verð á öll námskeiðin:** kr. 28.000,- en fyrir félagi í félagsdeild: kr. 21.000,-

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang: [eyrun@lmfi.is](mailto:eyrun@lmfi.is)

## Samkeppnisréttur

Námskeiðið fjallar um lög og reglur er varða samkeppnisrétt. Rætt verður um misnotkun á markaðsráðandi stöðu, samráð og samruna fyrirtækja. Einnig verður fjallað um málsmeðferð í samkeppnismálum og hvers konar ákvæði er heimilt að hafa í samningum út frá samkeppnisrétti og EES.

Kennarar: Gunnar Sturluson hrl. hjá LOGOS, stundakennari við lagadeild HÍ og Heimir Örn Herbertsson hdl. hjá Lögmönnum Skóla-vörðustíg 6b.

**Staður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9

**Tími:** Þriðjudagur 7. október Kl. 16-19.

**Verð:** kr. 16.000,- kr. 12.500 fyrir félagi í félagsdeild,

## Stofnun félaga – reglur og hagnýt atriði

Námskeiðið fjallar um stofnun félaga, firmaheiti og vernd hugverkaréttinda. Kynntar verða reglur um vörumerkjarétt og lén.

Kennarar: Halldór Jónsson hdl., hjá Lex, stundakennari við lagadeild HR og við víðskipta- og hagfræðideild HÍ, og Borghildur Erlingsdóttir, lögfræðingur og deildarstjóri á Einka-leyfastofunni.

**Staður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9.

**Tími:** Fimmtudagur 16. okt., kl. 17:00 - 20:00

**Verð:** kr. 16.000,- kr. 12.500,- fyrir félagi í félagsdeild,

## Námskeið í Word fyrir vana.

Námskeið fyrir þá sem hafa þekkingu í word en vilja nýta sér enn frekar möguleika þess, s.s.: linkar, efnisyfirlit, samanburður á skjölum, leiðréttingar (track changes) compare documents, merge documents, protect document, envelopes and labels, letter wizard og hyperlink.

Athugið að haldin verða tvö námskeið

Kennari: Gyða Richter

**Staður:** NTV, Hlíðarsmára 9, 200 Kópavogi

**Tími:** Miðvikudagur 15. okt. kl. 9:00-13:00 eða miðvikudagur 5. nóvember kl. 9:00-13:00

**Verð:** kr. 12.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 9.000,-

NTV veitir meðlimum félagsdeildar LMFÍ einnig afslátt af öðrum námskeiðum.



# NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN

## Upplýsingaleit á internetinu

– námskeið í Karnov, Ufr, vef Alþingis, EES-vefnum og CELEX, sem er lagagagnagrunnur Evrópusambandsins.

Kynntir eru möguleikar internetsins til að finna upplýsingar um lög, reglugerðir, dóma eða fræðigreinar. Kennt er að leita að upplýsingum í gagnagrunnum, m.a. eftir laganúmerum og stikkorðum. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem hafa áhuga á að nýta sér möguleika internetsins í gagnaöflun.

Kennarar: Guðný Ragnarsdóttir, bókasafnsfræðingur á Alþingi og Jón Steindór Valdimarsson frkvstj. Spurnar.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Rvík.

Tími: **Þriðjudagur 21. október, kl. 17-19**

Verð: kr. 8.000,- fyrir félagi í félagsdeild kr. 6.000,-

## Námskeið í tölvupósti

Ertu leið/ur á ruslpósti? Viltu koma skipulagi á tölvupóstinn þinn? Stutt námskeið í Outlook þar sem þátttakendur læra helstu skipanir, s.s. að búa til nýtt pósthólf, láta tölvupóst raðast sjálfkrafa í möppur eða eyðast, setja tilkynningar um fjarveru, nota dagbók ofl.

Kennari: Gyða Richter

Staður: NTV, Hlíðarsmára 9, 200 Kópavog

Tími: **Priðjudagur 18. nóvember kl. 16:00-18:00**

Verð: kr. 7.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 5.000,-

NTV veitir meðlimum félagsdeildar LMFÍ einnig afslátt af öðrum námskeiðum.

## Gerð hæstaréttarágripa. – námskeið fyrir starfsmenn lögmannsstofa

Á námskeiðinu verður farið í gerð hæstaréttarágripa, s.s. útlit, röðun gagna, merkingu, efnisskrá ofl. Námskeiðið er ætlað starfsmönnum lögmannsstofa.

Kennarar: Birna Jóhannesdóttir hjá LOGOS og Guðbjörg Matthíasdóttir lögfræðinemi.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9.

Tími: **Fimmtudagur 13. nóvember, kl. 12-16.**

Verð: kr. 17.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 14.000,-

## Villibráðarnámskeið

Meistarakokkurinn Úlfar Finnbjörnsson hefur tekið að sér að kenna félögum LMFÍ listina að elda villibráð! Þátttakendur munu læra elda fasana, gæsaliframousse, Goose (grás), reyktan lunda, reykt hreindýrarúllu, heitreyktan svartfugl, grafna gæs ásamt hugmyndum um meðlæti og sósur. Að lokum setjast þátttakendur að veisluborði ásamt kokkinum og smakka á kræsingunum. Athugið að takmarkaður fjöldi kemst á hvort námskeið svo það er um að gera að skrá sig sem fyrst!

Kennari: Úlfar Finnbjörnsson kokkur

Staður: Hússtjórnarskóli Reykjavíkur, Sólvallagötu 12.

Tími: **miðvikudagarnir 12. nóvember eða 19. nóvember, kl. 17-21.**

Verð: kr. 16.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 13.000,-

## Enskunámskeið fyrir starfsmenn lögmannsstofa.

Boðið verður upp á sex klukkustunda námskeið með það markmið að bæta orðaforða og efla sjálfstraust þátttakenda í erlendum samskiptum. Námskeiðið gerir starfsfólki kleift að svara erlendum símtölum og viðskiptavinum á ensku og auka skilning á enskum gögnum sem berast lögmonnum. Farið er yfir: símsvörun, einföld bréfasamskipti, grunnuppsetning og málnotkun, viðtalstæki, einfaldur lesskilningur. Athugið að takmarkaður fjöldi kemst á námskeiðið svo það er um að gera að skrá sig sem fyrst. Athugið að haldin verða tvö námskeið:

Kennari: Erlendína Kristjánsson sem hefur m.a. kennt lagaensku við EHI.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Rvík.

Tími: **Alls 6 klst. Þriðjudagarnir 14. okt., 21. okt. og 28. október, kl. 10:00-12:00. eða föstudagarnir 24., 31. okt. og 7. nóv. kl. 10:00-12:00.**

Verð: kr. 19.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 16.000,-

**Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang: [eyrun@lmfi.is](mailto:eyrun@lmfi.is)**

# Reglur um málskostnaðartryggingar fyrir héraðsdómi

## 1. gr.

### Form tryggingar

1. Dómari ákveður form málskostnaðartryggingar og metur hvort taka eigi tryggingu gilda.
2. Að jafnaði er rétt að leggja málskostnaðartryggingu fram í formi reiðufjár eða bankatryggingar.

## 2. gr.

### Meðferð málskostnaðartryggingar í reiðufé

1. Málskostnaðartryggingu sem afhent er í reiðufé skal dómstóll leggja inn á vörslureikning sinn og auðkenna færsluna með viðkomandi málnúmeri. Vextir sem á slíkt reiðufé fellur bætast við trygginguna.

## 3. gr.

### Gildistími bankatryggingar

1. Rétt er að setja það skilyrði að bankatrygging, sem lögð er fram sem málskostnaðartrygging, haldi fullu gildi þar til viðkomandi héraðsdómstóll staðfestir að hún sé úr gildi fallin en þó ekki lengur en í þrjú ár frá því að trygging var tekin. Slík trygging ber hvorki vexti né verðtryggingu nema dómari ákveði annað.

## 4. gr.

### Bókun um málskostnaðartryggingu

1. Hafi málskostnaðartrygging verið sett skal bókað í þingbók, um hvers konar tryggingu sé að ræða og hversu háa og skilríki um trygginguna lögð fram í málinu.

## 5. gr.

### Afhending málskostnaðartryggingar

1. Málskostnaðartrygging skal fylgja beiðni um endurupptöku en að öðrum kosti verður beiðnin endursend.
2. Í öðrum tilvikum skal málskostnaðartryggingin afhent dómara.
3. Sá sem setur málskostnaðartryggingu á rétt á því að frá kvittun fyrir afhendingu tryggingarinnar og eins sá sem hana varðveitir og lætur af hendi.

## 6. gr.

### Greiðsla tryggingarfjár

1. Nú er sá sem málskostnaðartryggingu setur í formi reiðufjár dæmdur til að greiða málskostnað eða gerir sátt þar um og greiðist dæmdur, úrskurðaður eða umsamin málskostnaður þá af tryggingarfé þegar fyrir liggur yfirlýsing um að ekki komi til áfrýjunar málsins, þegar áfrýjunarfrestur er liðinn án áfrýjunar en ella þegar endanlegur dómur er genginn í málinu. Innstæða, svo og vextir sem hún hefur borið, skal greidd þeim sem á að fá tryggingarféð. Tryggingar-

hafi fær greiðslu þó aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til þess að málskostnaður verði að fullu greiddur og er þeim sem greiðslu innir af hendi rétt að ganga eftir upplýsingum um stöðu kröfu. Sömu skilyrði og að framan greinir gilda um endurgreiðslu tryggingarfjár til þess sem trygginguna setti.

2. Nú er málskostnaðartrygging sett í formi bankatryggingar og skal þá viðkomandi héraðsdómstóll, þegar fyrir liggur yfirlýsing um að ekki komi til áfrýjunar málsins, þegar áfrýjunarfrestur er liðinn án áfrýjunar en ella þegar endanlegur dómur er genginn í málinu, gefa út yfirlýsingu um að banka sé heimilt að greiða tryggingarhafa allt tryggingarféð eða þann hluta sem samsvarar dæmdum, úrskurðuðum eða umsömdum málskostnaði, eða eftir atvikum um að trygginguna megi fella niður.

3. Aðili máls, sem telur sig eiga rétt til tryggingarfjár, skal gera reka að því að fá það greitt út með því að krefja viðkomandi dómstól um greiðslu þess eða afla yfirlýsingar dómstólsins um að banka sé heimilt að greiða honum það.

## 7. gr.

### Gildistaka, gildissvið o.fl.

1. Sé tryggingarfjár, sem afhent hefur verið í formi reiðufjár, ekki vitjað gilda um það almennar fyrmingarreglur.
2. Um skilyrði fyrir setningu málskostnaðartryggingar fer samkvæmt 133. gr. og 3. mgr. 137. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.
3. Reglur þessar gilda, eftir því sem við getur átt, um tryggingu fyrir greiðslu þóknunar til matsmanns, skv. 63. gr. laga nr. 91/1991, tryggingu vegna ástæðulausrar kæru skv. 3. mgr. 146. gr. sömu laga og um tryggingar sem settar eru vegna reksturs dómsmála í öðrum málaflökkum en almennum einkamálum. Reglurnar gilda þó ekki um tryggingu fyrir skiptakostnaði samkvæmt 2. mgr. 67. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991.
4. Reglur þessar, sem samþykktar voru á fundi Dómstólaráðs 18. júlí 2003, öðlast gildi 1. september 2003 og skulu héraðsdómstólar þegar fyrst reynir á reglurnar stofna vörslureikning til að leggja inn á málskostnaðartryggingu í formi reiðufjár.

Þannig samþykkt í Dómstólaráði  
18. júlí 2003

Sigurður Tómas Magnússon  
formaður Dómstólaráðs

# RÁÐSTEFNA NAF

Í ÁGÚSTMÁNUÐI sl. fór fram á Hótel Selfossi 27. almenna ráðstefna Norræna stjórn-sýslu-sambandsins (NAF). Þátttakendur voru um 140 frá öllum Norðurlöndunum. Umsjón og skipulagning ráðstefnunnar var að þessu sinni í höndum Íslandsdeildar samtakanna og var ríkisstjórn Íslands aðalstyrktaraðili hennar. Norræna stjórn-sýslusambandið er þverfaglegt og eru meðlimir þess fulltrúar ýmissa fræðigreina, s.s. lögfræði, stjórnmálafræði og heimspeki, sem hafa það sameiginlega einkenni að fjalla með einum eða öðrum hætti um álitafni tengd opinberri stjórn-sýslu, stofnunum hennar og verkefnum.

Við undirbúning ráðstefnunnar og afmörkun á viðfangsefni hennar var horft til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í stjórn-sýsluumhverfi Norðurlandanna á undanförunum árum þar sem gerðar eru auknar kröfur um lýðræðislega og gagnsæja stjórn-sýslu og að réttaröryggi borgaranna sé tryggt. Yfirskrift ráðstefnunnar var því ákveðin: „Eftirlit með stjórn-sýslunni – réttarúræði og réttaröryggi“ (d. Tilsyn med forvaltningen – retsmidler og sikkerhed).

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, setti ráðstefnuna með ávarpi er bar heitið „Áfangar í þágu góðrar stjórn-sýslu“ (birt á heimasíðu ráðuneytisins). Eins og yfirskrift ráðstefnunnar gefur til kynna voru framsöguerindi að mestu lögfræðilegs eðlis. Fjallað var um endurskoðunarvald dómstóla vegna athafnaleysis stjórnvalda, um sjálfstæð stjórnvöld og skaða-

bótaábyrgð hins opinbera. Þá var rætt um notkun samninga sem stjórn-tækis af hálfu hins opinbera og um eftirlit umboðsmanna þjóðþinga, eins og umboðsmanns Alþingis hér á landi, með sveitarfélögum. Af hálfu Íslands tóku Eiríkur Tómasson, Kristján Andri Stefánsson, Jakob R. Möller og Tryggvi Gunnarsson þátt og fluttu erindi. Frekari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar er að finna á heimasíðu hennar, [www.congress.is/naf](http://www.congress.is/naf).

Þátttakendum gafst nokkur kostur á því að kynna landi og þjóð með sameiginlegum kvöldverði og skemmtun eftir fyrsta ráðstefnudag auk þess sem boðið var upp á kynnisferð um Suðurland að lokinni ráðstefnu þar sem endað var á því að snæða kvöldverð á Stokkseyri.

Róbert R. Spanó  
formaður Íslandsdeildar NAF



**Þýðingar  
og textaráðgjöf**

**Löggiltar og almennar þýðingar  
á ensku, norðurlandamál,  
frönsku, þýsku og rússnesku  
(nú þýðendur og túlkar).**

**Dóm og skýrslutökutúlkun.**

**Ellen Ingvadóttir**  
Löggiltur dómtúlkur og skjalþýðandi.  
Laugavegi 163a - sími: 562-6588  
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717  
netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)



# Breytingar á félagatali

Allar breytingar s.s. ný símanúmer, vefföng, aðsetur og fleira er uppfært

á heimasíðu félagsins, [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

## Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Halldór Jónsson hrl.

Hilmar Magnússon hrl.

## Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

**Eiríkur Jónsson hdl.**  
Landslög – lögfræðistofa  
Tryggvagata 11  
S: 520-2900  
Fax: 520-2901

**Eva Dís Pálmadóttir hdl.**  
Lögmannsstofan Fortis ehf.  
Laugavegi 7  
101 Reykjavík  
S: 520-5800  
Fax: 562-2585

**Erna Hjaltsted hdl.**  
LOGOS lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
S: 540-0300  
Fax: 540-0301

**Franz Jezorski hdl.**  
Hóll fasteignasala  
Skúlagötu 17  
101 Reykjavík  
S: 595-9000  
Fax: 595-9001

**Grímur Sigurðsson hdl.**  
Landslög ehf.  
Hafnargötu 31  
230 Keflavík  
S: 421-1733  
Fax: 421-4733

**Helga Hlín Hákonardóttir hdl.**  
Íslandsbanki hf.  
Kirkjusandur 2  
S: 440-4588  
Fax: 440-4595

**Hrund Kristinsdóttir hdl.**  
Húseigendafélagið  
Síðumúla 29  
108 Reykjavík  
S: 588-9567  
Fax: 588-9537

**Inga Björg Hjaltadóttir hdl.**  
DP-lögmenn  
Hverfisgata 4-6  
101 Reykjavík  
S: 561-7755  
Fax: 561-7745

**Kristín Fjóra Fannberg  
Birgisdóttir hdl.**  
Íslandsbanki hf.  
Lyngháls 4  
110 Reykjavík

**Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.**  
DP Lögmenn  
Hverfisgata 4 – 6  
101 Reykjavík  
S: 561-7755  
Fax: 561-7745

**Ólafur Arinbjörn Sigurðsson hdl.**  
LOGOS lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
S: 540-0300  
Fax: 540-0301

**Ólöf Embla Einarsdóttir hdl.**  
Neytendasamtökin  
Síðumúla 13  
108 Reykjavík  
S: 545-1202  
Fax: 545-1212

**Pálína Margrét Rúnarsdóttir hdl.**  
Lögfræðiskrifstofan  
Suðurlandsbraut 6 sf.  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
S: 533-5030  
Fax: 533-5035

**Rut Gunnarsdóttir hdl.**  
Fjármálaeftirlitið  
Suðurlandsbraut 32  
108 Reykjavík  
S: 525-2700  
Fax: 525-2727

**Sigríður Elsa Kjartansdóttir hdl.**  
Lögborg ehf.  
Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
S: 588-3000  
Fax: 588-3010

**Vífill Harðarsson hdl.**  
Lex ehf. lögmannsstofa  
Sundagarðar 2  
104 Reykjavík  
S: 590-2600  
Fax: 590-2606

## Nýtt aðsetur:

**Bersteinn Georgsson hdl.**  
Hafnarstræti 20  
101 Reykjavík  
S: 552-5525  
Fax: 552-5527

**Guðfinna Jóhanna  
Guðmundsdóttir hdl.**  
Lögmannsstofa Guðfinnu Jóh.  
Guðmundsdóttir  
Borgartúni 33  
105 Reykjavík  
S: 562-9888  
Fax: 561-7266

**Hallmundur Albertsson hdl.**  
Landssími Íslands hf.  
Thorvaldssenstræti 4  
S: 550-6064  
Fax: 550-6009

**Sigurður Georgsson hrl.**  
Hafnarstræti 20  
101 Reykjavík  
S: 552-5525  
Fax: 552-5527

## Stofnun lögmannsstofu:

**Björn Líndal hdl.**  
Lögmenn Höfðabakka  
Höfðabakki 9  
110 Reykjavík  
S: 587-1286  
Fax: 587-1247

# Nýjar bækur á bókasafni LMFÍ

- Agell, Anders: Nordisk äktenskapsrätt: *En Jämförande studie av dansk, finsk, isländsk, norsk och svensk rätt med diskussion af reformbehov och harmoniseringsmöjligheter*.
- Ásmundur G. Vilhjálmsson: *Skattur á fyrirtæki*
- Blume, Peter og Kristiansen, Jens: *Databeskyttelse på arbejdsmarkedet*. Elmquist, Hendrik Vædele: *Singulær lovgivning: nar lovgiver*
- Borch, Ole: *Rekonstruktion af nødlidende virksomheder: En håndbog*.
- Carstensen, Vagn og Rørdam, Thomas: *Pant. - 7.útgáfa. EC Competition and Telecommunications Law*.
- Fabricius, Jesper og Offersen, René: *EU'S Udbudsregler i praksis*.
- Garde, Jens: *Forvaltningsret – sagsbehandling. - 5. útgáfa*.
- Godsk Pedersen, Hans Viggo: *Kaution*.
- Gomard, Bernhard: *Moderne Erstatningsret*.
- Guðmundur Ingvi Sigurðsson átræður.
- Hagström, Viggo: *Obligasjonsrett*.
- Hagström, Viggo: *Tidsskrift for rettsvitenskap*.
- Halling-Overgaard, Sören: *Advokaters Erstatningsansvar*.
- Håndbog om procedurer og kriterier for fastlæggelse af flytningestatus: *i henhold til 1951 -konventionen og 1967-protokollen om flytninges retsstilling*.
- Hørlyck, Erik: *Entreprenørvederlaget: Korrektion af entreprenørens vederlag som følge af ændrede forhold*.
- Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð I og II*.
- Klingsten, Mette: *Ansættelsesretlige aspekter ved virksomhedsoverdragelse. Konkurrence og telekommunikation: Nordisk arbog for retsinformatik 2001*.
- Kristoffersen, Sonny og Gravesen, Klavs V.: *Forbrugerretten: Civil- og markedsføringsretlige aspekter*.
- Leach, Philip: *Taking a Case to the European Court of Human Rights*.
- Lookofsky, Joseph: *Understanding the CISG in Scandinavia: A Compact Guide to the 1980 United Nations Convention on Contracts for the International Sale of Goods*.
- Lorenzen, Peer: *Den Europæiske Menneskeretskonvention: með kommentarer (art 1-10)*.
- Louw, Nana og Thomsen, Tina: *Tilbageholdsret. Miljøretten: I Almindelige emner*.
- Møller, Jens: *Erstatningsansvarsloven: Med kommentarer af Jens Möller og Michael S. Wiisbye. - 6. Udgave*.
- Newton, Justin: *The Uniform interpretation of the Brussels and Lugano Convention*
- Oddný Mjöll Arnardóttir: *Equality and NonDiscrimination under the European Convention on Human Rights*
- Ökonomisk kriminalitet: *Radgiveres rolle ved bekæmpelse af økonomisk kriminalitet: Delbetækning III afgivet af Justitsministeriets udvalg om økonomisk kriminalitet og datakriminalitet*.
- Örskov Rasmussen, Jacob og Kock Clausen, Jesper: *Beskyttelse af virksomhedsnavne*.
- Schovsbo, Jens og Svendsen, Niels Holm: *Designret: Designloven. — Danmark. The Commercial Bar Association: Directory 2000 The international Financial law review: A Guide to the World's International Business Law Firms*
- Porgeir Örlygsson: *Veðréttur*
- Werlauff, Erik: *Anpartsselskapslov: Werlauff's kommenterede Anpartsselskapslov*.

## Félagatal LMFÍ

Með tilkomu nýrrar heimasíðu LMFÍ, sem tekin var í gagnið á árinu 2000, var tekin ákvörðun um að hætta prentun sérstakrar handbókar lögmannna, enda allt efni slíkrar bókar aðgengilegt og uppfært reglulega á heimasíðunni. Þrátt fyrir þessa þróun, þá hefur skrifstofa félagsins á undanförunum mánuðum fundið fyrir vaxandi áhuga félagsmanna á að fá sérprentun félagatals og hefur nú verið ákveðið að bjóða þeim félagsmönnum sem áhuga hafa, að kaupa slíka sérprentun. Er áhugasömum bent á að hægt er að panta eintak á skrifstofu félagsins, en verð á þessari sérprentun er kr. 600.

A man in a dark suit and tie is standing in a library, looking down at a book he is holding. The library has tall wooden bookshelves filled with books, and the lighting is warm and focused on the man.

## Er þín starfsemi tryggð?

Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval váttrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt lögum nr. 77/1 998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Tryggðu þína ábyrgð og hringdu í síma **560 5060**. Þar færðu allar nánari upplýsingar.



Ármúla 3, 108 Reykjavík • sími 560 5060 • [www.vis.is](http://www.vis.is)